

4. fundur landssambandsstjórnar DKG 2022-2023 haldinn mánudaginn 09. janúar 2023 kl. 19:30 – 21:25 - fjarfundur

Mættar: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Kristín Helgadóttir Petadeild, gjaldkeri, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Boðuð forföll: Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari.

1. **Fundargerð síðasta fundar** – rituð af Guðnýju Helgadóttur í forföllum ritara samþykkt.
2. **Uppstillinganefnd** – hafi samband við deildir og minni á tilnefningu deilda um setu í landssambandsstjórn. Deildarformenn sendi tilnefningu deildar ástamt ferilskrá viðkomandi fulltrúa deildar til uppstillinganefndar fyrir lok janúar 2023.
3. **Leadership Development Training** – Námskeið í stjórnendafræðslu fyrir nýjar landssambandsstjórnir verðu haldið í Dallas 23.-26. júní 2023. Rætt um hugsanlega þátttakendur frá Íslandi og kostnað en skráning þarf að fara fram fyrir 20. maí nk. Ekki verður boðið upp á sambærilegt námskeið á Evrópuráðstefnunni í Tampere í júlí.
4. **Evrópuráðstefnan í Tampere** – verður haldin í Tampere í Finnlandi dagana 26.-29. júlí 2023. Rætt var um hvort efna ætti til hópferðar og ákveðið að setja færslur á FB samtakanna þar sem félagskonur geta fylgst með þeim sem hyggjast fara á ráðstefnuna þannig að þær félagskonur sem velta fyrir sér för geta fylgst með og haft samráð. Þar munu koma fram upplýsingar um ferðaplan og fleira tengt ráðstefnunni. Vert er að vísa í janúar fréttbréf forseta þar sem ráðstefnan er kynnt. Þar kemur fram að félagskonur eiga kost á að sækja um að vera með erindi og vert er að benda þeim félagskonum sem áhuga hafa á því á að hægt er að sækja um styrk þar að lútandi til landssambandsstjórnarinnar. Stjórnin hvetur félagskonur til að sækja ráðstefnuna og sækja um erindi ef þær eru með áhugavert efni.
5. **Landssambandsþingið** – verður haldið að Hótel Örk 13. og 14. maí 2023. Stjórnin ræddi ramma að dagskrá og undirbúning þingsins. Rætt um aðkomu landssambandsstjórnar að erindum þingsins en þema og fyrirlesarar eru í umsjón menntamálanefndar. Mun stjórnin hafa samvinnu við menntamálanefnd um það. Eins mun landssambandsstjórnin hafa samvinnu við gestgjafana, Epsilondeildina, um skráningu og afhendingu gagna. Uppröðun á dagskráratríðum verður í umsjón menntamálanefndar og gestgjafa. Farið var í gegnum kostnaðarliði og þátttökugjaldið. Einnig var farið í gegnum dagskráarliði aðalfundar og þau atriði sem snúa beint að landssambandsstjórninni s.s. hlutverka-og verkaskiptingu. Guðrún

Edda mun senda út í fréttabréfi áminningu um að erindi sem taka á til skoðunar á aðalfundi berist stjórn með fyrirvara.

6. Leiðtogafræðsla fyrir formenn og stjórn deilda.

- a) Guðrún Edda mun í samráði við Sigríði Huldu Jónsdóttur finna tíma fyrir leiðtogafræðslu fyrir nýja formenn og stjórnir deilda. Sigríður mun halda 40 - 45 mín. erindi um gildi, markmið og það að hafa áhrif. Markmiðið með fundinum er að efla og styðja formennina sem tóku við í haust í því að efla starf deildanna, gera fundina markvissa og áhugaverða til að halda í núverandi félaga og laða að nýja. Gert er ráð fyrir klukkustundar fundi á Zoom.
- b) Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti, mun síðan ræða við nýja formenn og stjórnir að erindi Sigríðar Huldu loknu.

Önnur mál

- 1. Guðný frestar máli um skil á gögnum DKG til Kvennasögusafnsins til næsta fundar.
- 2. Rætt um athugasemd frá uppstillinganefnd um að formenn skoði og uppfæri félagatalið ef þörf er á.

Fundargerð ritaði Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir samkvæmt upptöku af fundi.

Fundið slitið kl. 21:25

Næsti fundur mánudagur 13. febrúar kl. 19:30